

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ:

*Deiliskipulag Molduhrauns, Norðurhraun 1.*

Breytingin gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits sem nemur 15 x 30 m. Stækkunin liggur að lóðarmörkum Suðurhrauns 4 og Miðhrauns 12. Gert er ráð fyrir að hámarkshæð byggingar á þessum hluta byggingarreits sé 4 m.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð sem óveruleg breyting í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Deiliskipulag Hörgatúns 2, breyting deiliskipulags.*

Breytingin varðar lóðina að Hörgatúni 2 og gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits að Bæjarbraut sem nemur 329 m<sup>2</sup> (9 x 36,6 m). Á stækkunum byggingarreit er aðeins gert ráð fyrir kjallara og ofan á honum verða bílastæði með aðkomu frá efri hluta lóðar. Breytingin gerir auk þess ráð fyrir fjölgun bílastæða um 47 á efri hluta lóðar með aðkomu frá Bæjarbraut og um 36 frá neðri hluta lóðar með aðkomu frá Litlatúni. Eftir breytingu verður því gert ráð fyrir 188 bílastæðum á lóðinni.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 24. mars 2011.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.